

STARFSLÝSING

DRÖG febrúar 2021

- Starfsheiti:** Verkefnisstjóri í stafrænni umbreytingu – verkefnastjórn og vefumsjón
- Svið:** Þróunar- og alþjóðasvið
- Næsti yfirmaður:** Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs en leiðtogi stafræns tækniteymis leiðir teymið sem starfið heyrir undir.
- Markmið:** Að hrinda í framkvæmd miðlægum samstarfsverkefnum sveitarfélaga um stafræna umbreytingu í nánu samstarfi við stafrænt ráð sveitarfélaga.
- Ábyrgðarsvið:** Verkefnisstjóri ber ábyrgð á því að vinna í góðu samstarfi við starfsmenn stafræna teymisins að þeim markmiðum sem skilgreind eru innan teymisins og af stafrænu ráði sveitarfélaga. Vinna að heilindum fyrir þróunar- og alþjóðasvið og í þágu sveitarfélaga.
- Verkþættir - Helstu verkefni:**
- Uppbygging rafræns upplýsingavettvangs fyrir sveitarfélögin sem felur í sér framsetningu efnis, miðlun og deilingu þekkingar og lausna sveitarfélaga sem og verkefna og kóða fyrir sveitarfélögin í stafrænni umbreytingu
 - Byggja upp faglegt og skipulagt verklag fyrir samstarf sveitarfélaga og sameiginleg verkefni þeirra og innleiðingu þvert á sveitarfélög
 - Þátttakandi í mati á forgangsröðun sameiginlegra verkefna sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu
 - Verkefnastjórnun sameiginlegra stafrænna verkefna sveitarfélaga og innleiðinga
 - Vinna að einföldum og snjöllum lausnum með hagsmuni allra sveitarfélaga að leiðarljósi
 - Þátttakandi í ávinningsmati og forgangsröðun sameiginlegra verkefna sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu
 - Fylgja eftir og miðla sjónarmiðum sveitarfélaga á sviði upplýsingatækni
 - Vinna að hagnýtingu þekkingar og lausna er snýr að stafrænni umbreytingu í rekstri sveitarfélaga

- Gerð fræðsluefnis til að greiða fyrir innleiðingu sameiginlegra verkefna og lausna
- Stuðla með virkum hætti að auknu samstarfi sveitarfélaga og ríkis á sviði stafrænnar þróunar

Helstu samstarfsaðilar: Stafrænt ráð sveitarfélaga, faghópur um stafræna þróun, stafræn teymi sveitarfélag og málaflokka, ríki og hugbúnaðarhús